

## Námsáætlun | Skólaíþróttir | veturinn 2020-2021

### 10. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennarar: Sara Gylfadóttir, Þormóður Egilsson

#### Almennt

Með íþróttá- og sundkennslu er markmiðið m.a. að efla líkamsþroska nemenda með auknu þoli, krafti, hraða og liðleika. Markvisst íþróttá- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Með kennslunni er stuðlað að örvun grunnhreyfinga og samhæfingar líkamans á öllum sviðum. Reynslan hefur sýnt að þeir sem stunda íþróttir eða líkams- og heilsurækt í æsku, eru líklegri en aðrir til að gera hið sama á fullorðinsárum. Námsmat í íþróttum og sundi byggir á þátttöku og ástundun ásamt þeim prófum sem lögð eru fyrir.

Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Þol	KR - hlaup MSFT – Píptest	<b>Að nemandi geti:</b> - gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol.
Styrkur	Hliðarhopp	- sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.
Ábyrgð á eigin námi	Virgni – hegðun – ástundun	- skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum. - þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþrótt.

*Birt með fyrirvara um breytingar*

Skólanámskrá í íþróttum fyrir Hagaskóla